

Gunnlaugur Haraldsson:

ÁVARP

FLUTT Á 1. FUNDI

VEFARAÆTTARINNAR

Í FÉLAGSHEIMILI KÓPAVOGS

11. DES. 2006.

Ágætu Vefarar, - kærur frændur og frændur!

Þótt tilefni þessa fundar sé fyrst og fremst að leggja á ráðin um, hvernig við Vefarar, - afkomendur Jóns vefara og Þóreyjar, - getum með sem hægustu móti og samstilltu átaki skrapað saman nokkru fé til að kosta viðgerð á minningartöflu þeirra hjóna, - þá þykir okkur - sem til þessa fundar höfum boðað - tilhlýðilegt að ég stikli hér á nokkrum atriðum sem snerta sameiginlegan uppruna okkar. Þótt mér hafi verið falið það hlutverk hér, bið ég ykkur samt að líta ekki svo á að ég sé einhver sérfræðingur í þessu efni umfram aðra. Mín vitneskja um Vefaraættina helgast eingöngu af þeirri ástríðu sem ég hef verið haldinn allt frá fermingaráldri að safna saman upplýsingum í tómtundum mínum um Vefaraættina eins og fleiri austfirskar ættir. Ég á því í fórum mínum ófullkomið handrit að niðjatali þeirra Jóns og Þóreyjar, - sem við gluggum kannski nánar í hér síðar á fundinum.

Prennt er það sem langar mig til að gera hér að umtalsefni:

Í fyrsta lagi að flytja ykkur nokkra fróðleiksmola um uppruna og ævi þeirra hjóna. Í öðru lagi að geta lítillaga barna þeirra og þá um leið í þriðja lagi að bregða upp ófullkomnu yfirliti um niðjafjölda þeirra 10 ættkvísla sem eiga fulltrúa á þessum fundi.

Fyrst vil ég þá biðja ykkur um að hverfa með mér í huganum aftur um 235 ár eða til ársins **1771**. Þá fæddist Jón Þorsteinsson vefari á Krossi í Landeyjum. Þar hafði

faðir hans, séra Þorsteinn Stefánsson (f. 1735), þá búið í nokkur ár (frá 1768¹) og þjónað sem prestur í Kross- eða Landeyjapingum um skamma hríð. Áður hafði hann verið í allmörg ár aðstoðarprestur (sr. Þorláks Sigurðssonar á Prestbakka) við Kirkjubæjarklaustur á Síðu og búið þann tíma á kirkjustaðnum og æskuheimili sínu Hörgslandi. Tæplega tvítugur að aldri eða 1754 hafði hann hins vegar hleypt heimdraganum og gerst djákni við kirkjuna á Skriðuklaustri í Fljótsdal. Því starfi gegndi hann í fjögur ár, en vígðist að því búnu (1758) aðstoðarprestur til séra Hjörleifs Þórðarsonar á Valþjófsstað. Þar kynntist Þorsteinn jafnöldru sinni og dóttur séra Hjörleifs, Margrėti (f. 1734/35), sem fluttist síðan með honum suður að Hörgslandi á Síðu árið 1760.

Séra Þorsteinn og Margrét eignuðust auk Jóns ættföður okkar sjö önnur börn sem náðu fullorðinsaldri.² Af þremur systur hans kom sú elsta mjög við sögu Austurlands, en það var Bergljót, sem giftist séra Vigfúsi Ormssyni presti á Valþjófsstað, en til þeirra hjóna eiga margir Austfirðingar ættir sínar að rekja. Af bræðrum Jóns gerðust þrír þeirra prestar, þar af tveir á Austurlandi, þ.e.a.s. séra Hjörleifur sterki á Desjarmýri og Hjaltastað og séra Guttormur á Hofi í Vopnafirði. Frá þeim báðum er einnig kominn mikill niðjasægur.

Séra Þorsteinn á Krossi lést haustið 1784 (14. sept., 49 ára að aldri), rúmu ári eftir að hinir skelfilegu Skaftáreldar hófust og mánuði eftir að Suðurlandsskjálftarnir miklu gengu yfir og kollvörpuðu fjölda bæja í Árnes- og Rangárþingum, þar á meðal gjörvöllum Skálholtsstað. Jón ættfaðir okkar var þá á 14. ári, - og fljótlega eftir það, - líkast til í næstu fardögum (1785), - mun móðir hans hafa flust búferlum frá Krossi að bænum Hallgeirsey.³ Mér er hins vegar að öðru leyti ekki nákvæmlega kunnugt um hvert leiðir Margrétar og fjögurra yngstu barna hennar lágu (Sigríðar, Jóns, Guttorms og Einars) eftir lát séra Þorsteins, enda allar kirkjubækur Landeyjapinga frá þessum árum löngu glataðar. Það eitt veit ég með vissu, að við húsvitjun í janúar 1792 skýtur

¹ Sr. Þorsteinn fékk veitingu fyrir Krossþingum 11. nóv. 1767 og fluttist þangað í fardögum næsta ár (sbr. Sveinn Níelsson 1949: *Prestatal og prófata á Íslandi*, s. 62, *Íslenskar æviskár V*, s. 228). Heimild er þó um að hann hafi flust þangað nokkrum árum fyrr, því á Krossi taldi Hjörleifur sonur hans sig fæddan 1765, sbr. *Ættir Austfirðinga*, s. 645.

² Börn sr. Þorsteins og Margrétar voru þessi: 1) Bergljót (1761-1828), húsfreyja á Ási í Fellum og Valþjófsstað í Fljótsdal (kona sr. Vigfúsar Ormssonar). 2) Stefán (1762-1834), prestur á Stóru-Völlum, Stóru-Hildisey og Stóra-Núpi. 3) Guðrún (1765-1834), húsfreyja á Stórólfshevoli og víðar (kona sr. Runólfs Jónssonar). 4) Hjörleifur (1765-1827), prestur á Desjarmýri (Bakka) í Borgarfirði eystra og á Hjaltastað. 5) Sigríður (1768-1825), húsfreyja á Vestri-Klasbarða og Glæsistöðum í V-Landeyjum. 6) Jón (1771-1827), vefari. 7) Guttormur (1774-1848), prestur á Hofi í Vopnafirði. 8) Einar (1775-1798), stúdent á Valþjófsstað (drukknaði í Berufirði).

³ Sálnamegur Landeyjapinga er ekki varðveitt frá þessum árum, en vitað er þó að Margrét dvaldist í Hallgeirsey í Austur-Landeyjum a.m.k. fardagaárið 1785-1786 (sbr. Landeyingabók, s. 105, og *Ættir Austfirðinga*, s. 645). Í þessu sambandi er rétt að hafa í huga, að sr. Runólfur Jónsson (tengdasonur hennar) gerðist aðstoðarprestur sr. Þorsteins sumarið 1784 og þjónaði kallinu eftir lát hans einungis til fardaga 1785, er hann fluttist í Siglúvík. Með því var rýmt fyrir nýjum presti og öll fjölskyldan hlaut að vírfega prestssetrið. – Skipti á dánarbúi sr. Þorsteins fóru þó ekki fram fyrr en 12. okt. 1785 (ath. nánar, - þar er e.t.v. getið búsetu Margrétar og barna hennar).

Margrét upp kolli austur á Valþjófsstað í Fljótsdal,⁴ - í heimili Bergljótar dóttur sinnar og manns hennar, séra Vigfúsar. Þangað höfðu prestshjónin flust vorið 1789 frá Ási í Fellum, þar sem séra Vigfús hafði áður þjónað frá 1777. Í heimili dóttur sinnar og tengdasonar á Valþjófsstað dvaldist síðan Margrét allar götur síðan eða til þess hún lést 1809. Það bíður hins vegar nánari rannsóknar að rekja feril Jóns og móður hans frá því að séra Þorsteinn lést. Flest rök hníga þó að því að Margrét hafi flust austur á Fljótsdalshérað mjög fljótlega, því þar átti hún að stöndug ættmenni auk Bergljótar dóttur sinnar. Í öllu falli virðist nokkuð öruggt, að árið 1786 hafi Hjörleifur sonur hennar flust austur á Hérað, þá nýlega útskrifaður úr Skálholtsskóla. Er því vel hugsanlegt að þau mæðgin og yngri systkini Hjörleifs hafi öll haft samflot austur það sumarið, og jafnvel skipt sér niður á heimili frændfólks síns á þeim slóðum, svo sem á Valþjófsstað, Ási í Fellum og hjá bróður Margrétar, Þórði Hjörleifssyni á Skjöldólfsstöðum á Jökuldal, - sterkefnuðum bónda og barnlausum.⁵

Nú vil ég í fáeinum orðum víkja að aðdraganda þess að forfaðir okkar gerði vefnað að lífsstarfi sínu. Um þann þátt málsins getur þó Hrefna Róbertsdóttir fjallað enn frekar hér á eftir ef tíminn leyfir, en hún hefur um árabíl lagt sig sérstaklega eftir rannsóknum á þessu sviði, þ.e.a.s. þeirri nýsköpun og framförum sem urðu í íslensku atvinnulífi um og eftir miðja 18. öld. Einn angi þeirrar framfaraviðleitni var sá, að á vegum Innréttinga Skúla fógeta og af stjórnvöldum var gerð tilraun til að kenna Íslendingum ullariðnað með öðru sniði en tíðkast hafði í landinu til þess tíma. Ný tækni og tóvinnuáhöld, þ.e.a.s. rokkar og vefstólar, voru tekin í notkun og náðu á næstu árum talsverðri útbreiðslu. Þá gerðu stjórnvöld einnig sitt til þess að stuðla að aukinni iðnmenntun með því að konungur eignaðist vefsmiðju Innréttinganna hér í Reykjavík 1774.⁶ Uppúr 1780 var því gerð tilraun til þess að efla línspuna og vefnað með því að taka nokkur ungmenni til náms í þessum greinum við Innréttingarnar, og á árunum 1784-1788 voru 25-30 ungmenni styrkt sérstaklega til náms í vefnaði og

⁴ Sálnameglistur Valþjófsstaðar 1783-1796. - Faðir Margrétar (sr. Hjörleifur) lést á Valþjófsstað 27. maí 1786, en staðinn sátu áfram Sigríður systir hennar og sr. Páll Magnússon, sem verið hafði lengi aðstoðarprestur tengdaföður síns og síðan sóknarprestur að honum látnum, allt til þess hann lést 26. nóv. 1788. Margrét og einhver börn hennar gátu því hugsanlega hafa dvalist þar um tíma, en sálnameglistur vantar fyrir árin 1786-1788. Þar var Hjörleifur þó til heimilis um tíma og er getið þar við húsvitjun í apríl 1789.

⁵ Sálnameglistur Hofteigs- og Ássóknar frá þessum árum eru glötuð með öllu og verður því ekki staðfest, hvort eða hvenær Margrét og börn hennar bar þar að garði. Heimildir eru fyrir því að yngsti sonurinn (Einar) hafi þegar árið 1785 verið tekinn í fóstur af Bergljótu systur sinni og sr. Vigfúsi á Ási (sbr. *Íslenzkar æviskrár* I, 396). Heimildir fyrir því eru óþekktar, svo að vel má vera að skakki einu ári (þ.e. 1786 í stað 1785). Hann ólst síðan upp í heimili þeirra á Ási og Valþjófsstað. Hjörleifur lauk stúdentsprófi sumarið 1785, en fór að því búnu til móður sinnar í Hallgeirsey og þaðan 1786 austur að Ási til Bergljótar og sr. Vigfúsar, en árið eftir í Valþjófsstað til Sigríðar móðursystur sinnar (sbr. *Ættir Austfirðinga*, s. 645). Þar stundaði hann unglingakennslu um nokkur ár. Óþekkt er hvað varð um Sigríði næstu árin, en austur á Hérað fór hún einnig á þessum árum (jafnvel að Ási í fyrstu), því hún var í heimili Bergljótar og sr. Vigfúsar á Valþjófsstað við húsvitjun í janúar 1790. Þess vegna er vel hugsanlegt, að Margrét, Hjörleifur, Sigríður og yngri bræðurnir (Jón, Guttormur og Einar) hafi öll orðið samferða austur á Hérað sumarið 1786.

⁶ Um þetta er stuðst við ritgerð Lýðs Björnssonar: "Við vefstól og rokk". *Saga* XXXV (1997), s. 179-221.

spuna í Danmörku. Að minnsta kosti 6 ungmenni úr Múlasýslum voru send utan að frumkvæði sýslumanna, og var Jón Þorsteinsson einn þeirra, - þá væntanlega til heimilis á Skjöldólfsstöðum. Ef til vill var það Guðmundur Pétursson sýslumaður í Krossavík í Vopnafirði sem fékk augastað á pilti, en árið 1786 hafði stjórnin sent sýslunni nýjan vefstól, sem enginn vildi síðan við taka eða kunni að meðhöndla.

Vitað er að Jón sigldi utan árið 1788, - þá 17 ára gamall, - og hóf þá nám og störf við vefnaðarverksmiðju í Brahetrolleborg á Fjóni, eins og flestir aðrir sem utan fóru. Þar var Jón með vissu fram yfir miðjan nóvembermánuð 1790 og jafnvel lengur, en hvar hann síðan dvaldist um næstu fjögur eða fimm ár er með öllu óþekkt (e.t.v. í einhverjum klæðaverksmiðjum í Kaupmannahöfn?). Af flestum er talið að hann hafi haldið aftur heim til Íslands árið 1794, en þó kemur fram í bréfi Guðmundar sýslumanns til rentukammersins dagsettu 26. mars 1796, að hann óski sérstaklega eftir því að annar hvor þeirra tveggja piltar sem sendir höfðu verið utan úr Múlasýslu til vefnaðarnáms (þ.e. annað hvort Jón Árnason eða Jón Þorsteinsson) yrði sendur heim til að kenna fólki á þann danska vefstól sem sýslumaður var þá enn að vandræðast með. Sagðist Guðmundur vera reiðubúinn til þess að halda piltinn vel í fæði og launum á meðan hann dveldi í sínum húsum og ynni við vefnað.

Þetta bréf sýslumanns vekur upp ýmsar spurningar um hvenær Jón kom til landsins og hvernig heimkomu hans var háttað, en sjálfur sótti hann um styrk til rentukammersins að því virðist um svipað leyti til þess að setjast að á Íslandi eftir langa dvöl ytra. Þetta krefst því nánari rannsóknar, ekki síst þegar haft er í huga að nokkrum vikum fyrr eða í janúar 1796 var Jón skv. sálmregistri skráður til heimilis á Valþjófsstað, - titlaður vefari og viðurnefninu Skjöld eða Schiöld (Schjöld).

Þetta dönskuskotna auknefni, - Skjöld, - sem ritað var með ýmsum hætti, - tók Jón upp á Danmerkurárum sínum, eins og alsíða var um flesta þá Íslendinga sem fyrr og síðar dvöldu þar við nám eða störf. Enga haldbæra skýringu hef ég á þessu nafni aðra en þá að Jón hafi sótt það í bæjarnafnið Skjöldólfsstaði á Jökuldal. Það hefði hann tæplega haft ástæðu til að gera nema því aðeins að hann hafi dvalið þar um einhvern tíma hjá Þórði móðurbróður sínum eins og ég vék að áðan (jafnvel árin 1786-1788). Honum hafi því þótt nærtækast að kenna sig við Skjöldólfsstaði þegar að því kom að velja sér munntamt viðurnefni á erlendri grundu.

Um vefnað Jóns og kennslustörf hans á því sviði ætla ég ekki að fjölyrða, enda eru heimildir um það fátæklegar. Talið er þó að hann hafi átt mestan þátt í því að útbreiða vefnaðarkunnáttu á Austurlandi og þá einkum á Fljótsdalshéraði. Sjálfur

hafði hann meðferðis að utan sinn eigin vefstól og önnur nauðsynleg spuna- og vefnaðaráhöld, og má ætla að fyrstu misserin eftir heimkomuna hafi hann unnið að iðn sinni á Valþjófsstað, a.m.k. frá ársbyrjun 1796. Gera má sér í hugarlund, að þangað hafi sótt konur og karlar til skemmri námskeiða og lagtækir menn einnig til að verða sér úti um fyrirmynd að smíði nýrra vefstóla. Sömuleiðis má ímynda sér að Jón hafi þá og jafnan síðar flakkað eitthvað um sveitir austanlands og sinnt með þeim hætti vefnaðarkennslunni.

Árið 1797 varð hins vegar breyting á högum Jóns með því að hann hinn 28. júní kvæntist hann ungri konu frá Hnefilsdal á Jökuldal, - Þóreyju Jónsdóttur. Hún var fædd 1772 og því einu ári yngri en Jón. Var hún fædd annaðhvort á Sleðbrjót eða Torfastöðum í Jökulsárhlíð, þar sem foreldrar hennar bjuggu um þær mundir. Faðir hennar, Jón Stefánsson, lést fáeinum árum eftir fæðingu Þóreyjar. Ekkja hans og móðir Þóreyjar, Vilborg Magnúsdóttir, bjó hins vegar áfram á Sleðbrjót um mörg næstu árin, en fluttist síðan að Hnefilsdal. Þar ólst Þórey upp til fullorðinsára og eru góðar líkur á því að nán kynni hafi tekist með henni og Jóni á meðan hann dvaldist á Skjöldólfsstöðum. Vil ég a.m.k. leyfa mér að halda á lofti þeirri rómantísku hugsýn, að þau hafi verið heitbundin áður en Jón hélt utan til náms og Þórey hafi beðið heimkomu hans í festum í 6-7 ár.

Þórey var yngst í sínum systkinahópi. Hún var eins og Björg eldri systir hennar sögð afar myndarleg, hávaxin og góður kvenkostur.⁷ Björg var tvígift og var seinni maður hennar Hjörleifur Árnason sterki í Höfn í Borgarfirði eystra, - annar hinnar þjóðkunnun Hafnarbræðra. Sagt er, að Jón sterki bróðir hans hafi fengið mikla ágirnd á Þóreyju. Hafi hann því fengið Hjörleif til að biðja Þóreyjar fyrir sína hönd og orðið nokkuð ágengt. Eru því jafnvel líkur til þess að Þórey hafi dvalið endrum og sinnum á þeim árum á Borgarfirði hjá systur sinni og þannig tekist einhver kynni með henni og Jóni sterka. Einhver fyrirstaða og tregða varð hins vegar á því að Þórey samþykkti bónorðið og segir sagan að þar hafi blandað sér í málið sóknarprestur Borgfirðinga, séra Hjörleifur Þorsteinsson á Bakka, - bróðir Jóns vefara. Sagt er að hann hafi “átt mikinn þátt í” að fá Þóreyju “fyrir konu handa Jóni bróður sínum og henni verið það ljúfara sjálfri”.⁸ Urðu því lyktir þær, að Þórey tók Jón vefara fram yfir Jón sterka og giftust þau á Valþjófsstað 28. júní 1797 eins og ég sagði áður.

⁷ *Ættir Austfirðinga*, s. 653.

⁸ *Ættir Austfirðinga*, s. 653.

Þetta val Þóreyjar reyndist sannarlega heillaríkt, því annars værum við ekki hér saman komin sem afkomendur hennar og Jóns vefara, eða hvað? Vorið eftir brúðkaup þeirra eða 1798 hófu hin ungu hjón búskap á Víðvöllum ytri í Fljótsdal í tvíbýli við önnur hjón. Þar fæddist þeim fyrsta barnið, Halla, 22. apríl eða um mánuði fyrir hina hefðbundnu fardaga. Og af einhverjum ástæðum urðu þau einnig snemma ferðbúin vorið eftir eða 1799, því þann 13. apríl það ár voru þau flutt frá Víðivöllum og komin út í Höfða á Völlum þegar annað barn þeirra, Þorsteinn, leit heiminn augum. Þessir búferlaflutningar svo snemma vors gætu því bent til þess að Jón og Þórey hafi í byrjun búskapar síns ekki haft yfir miklum bústofni að ráða og því ekki fengið eiginlega ábúð eða yfirráð yfir jarðnaði á þessum tveimur jörðum, - heldur hafi Jón einvörðungu stundað handverk sitt og brauðfætt þannig heimilið. Þetta þarfnast þó nánari rannsóknar eins og annað sem lýtur að ævi þeirra hjóna.

Á Höfða bjuggu Jón og Þórey einungis í tvö ár eða til vors 1801. Jón er þá gjarnan titlaður “vefari” í kirkjubók Vallaness. Í manntali því sem sóknarprestur tók saman um það leyti getur hann þess sérstaklega að Jón sé vefari eða “væver” að atvinnu meðan aðrir bændur í Vallanessókn lifa af landbúnaði.⁹ Styður þetta enn frekar að því að Jón hafi nær eingöngu stundað iðn sína eða am.k. haft vefnaðinn að aðalstarfi. Hafði hann þó einn vinnumann og tvær vinnukonur í þjónustu sinni og sat einn jörðina. Bendir það hins vegar til þess að Jón hafi haft um hönd nokkurn hefðbundinn búskap og skepnuhald. Það ber einnig vott um erfiðar heimilisaðstæður þeirra hjóna, að syninum Þorsteini höfðu þau komið í fóstur til móðurbróður Jóns, Þórðar á Skjöldólfsstöðum,¹⁰ enda fæddist þeim þriðja barnið, Þorbjörg, á meðan þau bjuggu á Höfða.

Vorið 1801 tóku þau hjón sig upp öðru sinni og fluttust yfir Lagarfljótið frá Höfða í Arnheiðarstaði í Fljótsdal. Jörðin var að þremur/fjórðu hlutum fátækraeign eða kristfjárjörð og þannig í eigu hreppsins, en að einum fjórðungi í eigu Valþjófsstaðarkirkju. Umráðaréttur yfir jörðinni var því í höndum sveitarstjórnarinnar og Valþjófsstaðaklerks, sem líkur eru til að oftast nær hafi ráðið mestu um hver fékk jörðina til ábúðar. Voru Arnheiðarstaðir því gjarnan setnir af uppgjafaprestum eða prestsekkjum. Þannig hafði einmitt háttað til um allmörg ár, að móðursystir Jóns vefara, prestsekkjan Sigríður Hjörleifsdóttir, hafði haft ábúð á Arnheiðarstöðum eða allt frá andláti eiginmanns síns séra Páls Magnússonar á Valþjófsstað (d. 1788).

⁹ *Manntal á Íslandi 1801. Norður og austuramt*, s. 428.

¹⁰ *Manntal á Íslandi 1801. Norður og austuramt*, s. 381

Mágur hennar, séra Vigfús Ormsson, byggði þá Sigríði Arnheiðarstaði um leið og hann tók við kirkjustaðnum vorið 1789, en vorið 1801 ákvað hún að bregða búi og fluttist inn að Valþjófsstað til systur sinnar og mágs. Jörðin lá því á lausu og var séra Vigfúsi því ekkert að vanbúnaði að beita áhrifum sínum til þess að systursonur konu hans fengi ábúð á Arnheiðarstöðum.

Hér eru ekki tók á að fjölyrða um búskaparár Jóns og Þóreyjar á meðan þau bjuggu á Arnheiðarstöðum, en þar höfðu þau óáreið örugga ábúð allt til vorsins 1816, er þau þurftu að rýma jörðina fyrir tengdasyni og aðstoðarpresti séra Vigfúsar, - sr. Stefáni Árnasyni. Á þessum fimmtán árum fjölgaði verulega í barnahópnum, því á Arnheiðarstöðum fæddust þeim 11 börn til viðbótar þeim þremur sem áður voru fædd. Ég mun gera ögn nánari grein fyrir þeim hér síðar, en vil þó geta þess strax, að tvö börnin (Vigfús og Una) létust í frumbersku, þannig að einungis tólf barnanna komust á legg.

Ekki eru miklar líkur á því að Jón hafi efnast mikið á búskaparárum sínum á Arnheiðarstöðum, því bæði var ómegðin mikil og varla hefur vefnaðurinn gefið mikið í aðra hönd fremur en önnur handverkskunnátta og hæfileikar veittu mönnum á þeirri tíð. Í það minnsta hafði Jón ekki á þessum árum tók á því að eignast eigin bújörð eða annað það jarðnæði sem framfleytt gæti búi hans og fjölskyldu. Hann mátti því sæta sömu skilyrðum og flestir bændur í samtíð hans að leita fyrir sér um leigujörð til ábúðar. Naut hann nú sem fyrr þess að eiga að áhrifaríka frændur og venslamenn. Nú kom það í hlut bróður hans, séra Hjörleifs, að koma Jóni til hjálpar. Hjörleifur hafði þá allt frá aldamótunum verið prestur á Hjaltastað og hafði þess vegna mest um það að segja hverjum kristfjárljörðin Kóreksstaðir í Hjaltastaðþinghá væri leigð hverju sinni. Og þangað fluttu Jón og Þórey í fardögum 1816 og bjuggu þar þau 11 ár sem Jón átti ólifað.

Ég hef ekki enn sem komið er átt þess kost að leita upplýsinga um bústofn og búskaparhagi Jóns á Kóreksstöðum. Grun hef ég þó um að efnahagur heimilisins hafi verið fremur þröngur lengst af. Á hinn bóginn er víst, að hann naut þar í sveit mannvirðinga ekki síður en í Fljótsdal, enda gegndi hann í báðum þessum hreppum starfi hreppstjóra, sem á þessum árum var mikil virðingarstaða. Nokkur síðustu árin eða frá vori 1820 bjuggu í tvíbýli við Jón og Þóreyju á Kóreksstöðum elsta dóttirin Halla ásamt eiginmanni sínum Jóni Jónssyni frá Sandbrekku. Það átti hins vegar ekki fyrir Jóni vefara að liggja að verða gamall maður, því þann 17. október 1827 lést hann á Kóreksstöðum “af meinlætum” eða sullaveiki, aðeins 56 ára að aldri, - þ.e. nærri

jafngamall þeim sem hér stendur. Jón var jarðsettur á Hjaltastað fimm dögum síðar eða hinn 22. október af bróðursyni sínum, séra Einari Hjörleifssyni, - syni séra Hjörleifs, - sem látist hafði í maí á sama ári. Varð því skammt á milli þeirra bræðra, sem mjög var kært með alla tíð. Þremur árum síðar giftust síðan börn þeirra með því að séra Einar kvæntist Þóru, dóttur Jóns vefara, eins og ég mun koma að hér á eftir.

Þórey var um næstu ár eða til fardaga 1841 í heimili Höllu dóttur sinnar á Kóreksstöðum, en fluttist þá ofan að Klippstað í Loðmundarfirði, þar sem sonur hennar séra Jón Austfjörð þjónaði sem aðstoðarprestur á þeim árum. Í heimili hans á Klippstað dvaldi hún til æviloka, en lést þó í Valþjófsstaðasókn 19. júlí 1843 og var jarðsett fimm dögum síðar á Valþjófsstað, - þá sögð “ekkja, átti heima á Klippstað”, skv. umsögn í kirkjubók. Eru því líkur til að hún hafi verið í heimsókn hjá einhverju barna sinna í Fljótsdal, þegar dauðinn vitjaði hennar þá um sumarið, - hjá Halldóru á Arnheiðarstöðum, Þorsteini í Brekkugerði eða Þorbjörgu í Geitagerði.

Þessu næst vil ég víkja örlítið að börnum þeirra hjóna og þá um leið niðjafjölda þeirra hvers um sig, - að því marki sem skráning mín á afkomendum Jóns og Þóreyjar hrekkur til. Ég hef ykkur til nánari glöggvunar tekið saman svolítið yfirlit yfir niðjafjölda einstakra barna, svo og lista með nöfnum afkomenda þeirra í 4., 5. og jafnvel 6. ættlið. Ég vil þó taka skýrt fram, að þessi skrá tekur einungis til þeirra niðja sem búsettir eru eða hafa verið búsettir hér á landi, - og ekki alls þess stóra hóps sem t.d. er vestanhafs, - í Bandaríkjunum og Kanada, - borinn þar og barnfæddur. Sömuleiðis eru engar líkur til að skráning þessi sé tæmandi, - þar sem hún er unnin upp úr ófullkomnu handriti mínu, - og þar á ofan eru af þeim sökum upplýsingar um starfsheiti og búsetu fólks í flestum tilvikum vafasamar, úreltar og jafnvel kolrangar! Bið ég ykkur því að nálgast þetta plagg með miklum fyrirvara, - en yrði ykkur að sama skapi afskaplega þakklátur fyrir hverskyns leiðréttingar og ábendingar um það sem betur mætti fara.

Eins og ég hef áður nefnt, voru börn Jóns og Þóreyjar 14 talsins, en tvö þeirra létust í frumbersku, - Vigfús og Una. Tvær dætranna, Bergljót og Sigríður giftust ekki eða eignuðust börn, enda lést Bergljót á 18. ári. Vík ég nú stuttlega að hverju hinna barnanna í aldursröð:

1. Elst var **Halla**, sem giftist Jóni Jónssyni frá Sandbrekku. Bjuggu þau fyrst á Kóreksstöðum í tvíbylí við foreldra Höllu, en fluttust síðan að Skjöldólfsstöðum á Jökuldal. Halla lést 1874, en af fimm börnum þeirra

komust aðeins tveir synir á legg og eignuðust afkomendur, sem samkvæmt minni vitneskju eru aðeins 153 talsins.

2. Næstelstur barnanna var **Þorsteinn**, sem kvæntist Þorbjörgu Pétursdóttur úr Loðmundarfirði. Þjuggu þau alla tíð í Brekkugerði í Fljótsdal, en Þorsteinn lést 1881, sterkefnaður bóndi og “fastheldinn á fé”. Þau Þorbjörg eignuðust sex börn og eru niðjar frá þremur þeirra, - tvö létust í frumbersku og ein dóttirin var barnlaus. Engu að síður eru niðjar Þorsteins hér á landi skv. mínu bókhaldi 1.233 talsins.
3. Þriðja í röðinni var **Þorbjörg**, sem bjó víða í Fljótsdal og síðast á Ketilsstöðum á Völlum. Hún eignaðist ung að árum son með náfrænda sínum (systkinabörn) og prestssyninum frá Valþjófsstað, Einari Vigfússyni, en var síðan tvígift. Fyrri maður hennar var Sigurður Pálsson bóndi í Geitagerði, en sá síðari Hallgrímur Eyjólfsson ríki á Ketilsstöðum. Með eiginmönnum sínum eignaðist Þorbjörg 6 börn og eru niðjar frá fjórum þeirra og elsta syninum a.m.k. 748 talsins hér á landi, en frá einum syni hennar (Guttormi), sem fluttist til Kanada, eru síðan hundruð niðja vestanhafs.
4. Fjórða barn Vefarahjónanna var **Margrét**. Hún giftist Sveini Sveinssyni bónda og alþingismanni í Vestdal í Seyðisfirði og eignuðust þau fimm börn, en aðeins eru niðjar frá tveimur þeirra, þ.e. Önnu, sem fluttist vestur um haf, og Péttri, sem ég hef skráð frá 197 afkomendur.
5. Næstur í röðinni var **Pétur**, sem tók prestsvígslu og þjónaði fyrst á Klippsstað í Loðmundarfirði, síðan í Berufirði og síðast á Valþjófsstað. Hann var tvíkvæntur og eignaðist auk þess ungur son í lausaleik, sem fluttist til Kanada. Fyrri eiginkona séra Péturs var prestsdóttirin Anna Björnsdóttir frá Kirkjubæ og voru börn þeirra sex að tölu. Aðeins eru niðjar hér á landi frá tveimur þeirra, þ.e. Þórunni Sigríði í Heydölum og séra Stefáni á Hjaltastað, - samtals a.m.k. 832. Hins vegar má giska á að jafnvel þrefaldur sá fjöldi geti talist til afkomenda Péturs og Önnu vestanhafs. Síðari kona sr. Péturs var Kristbjörg Þórðardóttir frá Kjarna í Eyjafirði, en þau voru barnlaus.
- 6.-8. Næstu þrjú börn Jóns og Þóreyjar eignuðst ekki afkomendur, þ.e. **Bergljót**, sem lést á 18. aldursári, **Vigfús**, sem lést á fyrsta ári, og **Sigríður**, sem lést 28 ára (af holdsveiki), ógift og barnlaus.
9. Níunda barn Vefarahjónanna var **Halldóra**, sem giftist Guttormi Vigfússyni stúdentu og alþingismanni á Arnheiðarstöðum, en þau voru systkinabörn (hann

sonur Bergljótar og sr. Vigfúsar). Þau eignuðust 13 börn og er frá þeim mikill ættgarður, bæði hér á landi og vestanhafs.

10. Næstir í röðinni voru tvíburarnir, **Einar** bóndi á Skeggjastöðum í Fellum og séra Jón Austfjörð. Einar var tvíkvæntur. Fyrri kona hans var Hallfríður Jónsdóttir frá Aðalbóli í Hrafnkeldal, en síðari konan Hólmfríður Gunnlaugsdóttir frá Eiríksstöðum. Með þeim eignaðist Einar tólf börn og telst mér til að niðjar hans hér á landi séu a.m.k. 576 talsins.
11. Séra **Jón Austfjörð** var eins og Pétur bróðir hans fyrst prestur á Klippsstað, en síðan á Kirkjubæ í Hróarstungu. Hann var einnig tvíkvæntur og var fyrri kona hans Margrét Hjörleifsdóttir frá Hjaltastað (voru bræðrabörn). Þau eignuðust fjögur börn og eru niðjar einungis frá einu þeirra. Síðari kona séra Jóns var prestsdóttirin Þórunn Magnúsdóttir og eignuðust þau þrjár dætur, sem allar áttu afkomendur. Heildarfjöldi niðja séra Jóns er þó aðeins 257 samkvæmt minni talningu.
12. Þriðja yngsta barn Vefarahjónanna var **Þóra**, en hún varð miðkona náfrænda síns (bræðrungs) séra Einars Hjörleifssonar á Hjaltastað, Dvergasteini og í Vallanesi. Þau reyndust óhemju frjósöm (15 börn) og frá þeim hjónum hef ég talið 2.146 niðja hér á landi.
13. Þrettánda í röðinni og næstingst í barnahópi Jóns og Þóreyjar var síðan **Snjófríður**. Hún giftist Birni Hannessyni frá Böðvarsdal í Vopnafirði og bjuggu þau þar á ýmsum bæjum, en létust með skömmu millibili um eða fyrir sextugt. Þau eignuðust 10 börn, en aðeins þrjú þeirra eignuðust afkomendur. Eru hér á landi einungis niðjar sonarins Magnúsar bónda á Þorvaldsstöðum í Vopnafirði, - 163 talsins samkvæmt mínu bókhaldi.
14. Er þá einungis ótalið yngsta barn Jóns og Þóreyjar, **Una**, en hún lést ríflega mánaðargömul.

Ágætu frænkur og frændur!

Nú hef ég nógu lengi talað og er mál að linni. Ég vil að síðustu vekja athygli ykkar á því, að samkvæmt minni talningu eru á lífi ríflega 600 manns hér á landi í 4. og 5. ættlið frá þeim Vefarahjónum. Þau nöfn hafið þið á blöðum ykkar og til viðbótar þeim nöfn um 300 niðja í 6. lið úr fimm ættkvíslum. Sú fjársöfnun sem við nú vonandi sameinumst um á næstu vikum til að kosta viðgerð minningartöfluna ætti því varla að verða neitt tiltökumál fyrir jafn stóran niðjahóp.

NIÐJAR JÓNS VEFARA OG ÞÓREYJAR

Taflan sýnir heildarfjölda niðja þeirra barna Jóns og Þóreyjar sem eignuðust afkomendur á Íslandi. Ekki eru meðtaldir niðjar sem fluttust til Vesturheims eða til annarra landa á 19. öld eða í upphafi hinnar 20.

Þá sýnir taflan fjölda núlifandi niðja sem búsettir eru á Íslandi í 4. og 5. ættlegg og jafnvel 6. ættlegg fimm ætta.

		4. ættl.	5. ættl.	6. ættl.	(alls)	Niðjar alls
1. Halla	(1798-1874)	2	12	30	44	153
2. Þorsteinn	(1799-1881)	7	106	-	113	1.233
3. Þorbjörg	(1800-1884)	0	33	84	117	748
4. Margrét	(1801-1863)	0	11	46	57	197
5. Pétur	(1803-1883)	7	108	-	115	832
6. Bergljót	(1804-1822)	0	0	0	0	0
7. Vigfús	(1805-1805)	0	0	0	0	0
8. Sigríður	(1807-1835)	0	0	0	0	0
9. Halldóra	(1808-1852)	1	38	145	184	1.271
10. Einar	(1810-1883)	5	95	-	100	576
11. Jón	(1810-1870)	13	27	-	40	257
12. Þóra	(1811-1855)	12	166	-	178	2.146
13. Snjófríður	(1812-1866)	0	6	23	29	163
14. Una	(1815-1815)	0	0	0	0	0
Samtals:		47	602	328	977	7.576

Aftasti dálkur (lengst t.h.) sýnir heildarfjölda niðja í hverri ættkvísl sbr. ofanritað, óháð þeirri skörun sem orðið hefur við aðra ættleggi með innbyrðis giftingum skyldmenna. Þannig er um verulega tvítalningu að ræða, svo að eiginlegur fjöldi niðja er **6.252 niðjar** (sbr. handrit GH frá ársbyrjun 2002).

Gunnlaugur Haraldsson/28. des. 2006